

# Námsmatsstefna Hlíðarskóla



# Námsmatsstefna Hlíðarskóla

---

Námsmat er fyrst og fremst til þess ætlað að fylgjast með námsframvindu hjá nemendum, hvernig sérhverjum nemanda tekst að ná námsmarkmiðum sem og að hvetja hann. Til þess að svo megi vera þarf námsmat að vera einstaklingsmiðað, fjölbreytt, leiðsagnarmiðað og hluti af daglegu starfi. Einnig er notast við námsmat sem Menntamálastofnun gefur út fyrir ýmsar námsgreinar. Námsmat við Hlíðarskóla er fjölbreytt og víðtækt. Horft er til hæfniviðmiða námsgreina samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla, hinna fjögurra órjúfanlegu þátta sem fléttar saman allt nám: þekkingaröflun/hugmyndavinna, framkvæmd, greining og samhengi.

## Lykilhæfni

---

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að í námsmati skal leggja mat á hæfni nemenda innan hvers námssviðs. Lykilhæfnin byggist á grunnþáttum menntunar og áhersluþáttum grunnskólalaga.

Viðmið um mat á lykilhæfni er sameiginlegt öllum námssviðum:

- Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrliga og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistökum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýnni hugsun og röksemdarfærslu.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnnin hátt.
- Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Lagt er upp með að vinna með lykilhæfni í tengslum við öll námssvið grunnskólans líkt og kemur fram í 18. kafla aðalnámskrár. Lokaeinkunn í lykilhæfni er ekki getið á útskriftarskríteini við lok grunnskóla (tekið af: <http://vefir.nams.is/namsmat/lykilhaefni.html>)

## Um námsmat

---

### Árangursríkt námsmat:

- Er hluti af námsferlinu, bæði fyrir nemendur og kennara.
- Eflir árangursríkt nám þegar það er notað á réttan hátt.
- Hefur fjölbreyttan tilgang, það hjálpar bæði nemendum og kennurum að skoða stöðuna miðað við markmiðin og getur þannig stuðlað að framförum.
- Er fjölbreytt, s.s. munlegt, skriflegt, einstaklings- eða hópmat, fyrirvaralaust eða undirbúið, háð aðstæðum hverju sinni.
- Er hægt að nota til að fylgjast með hegðunar-, félags- og bóklegum framförum nemenda.

### Hvers vegna að meta?

- Námsmat getur hjálpað nemanda að örðlast skilning á eigin getu í námi, það getur hjálpað nemendum að horfa gagnrýnum augum á nám sitt og gert þeim betur grein fyrir á hvaða sviðum þeir þurfa að bæta sig.
- Kennrarar hafa betri yfirsýn þegar námsmat er skipulega sett upp og átta sig betur á hver næstu skref ættu að vera.
- Öll vinnubrögð, bæði hjá kennurum og nemendum, verða markvissari.

### Hvað er metið?

- Áætlanir hvers nemenda í hverri námsgrein, þar sem námsmarkmið lotunnar er tíundað, er notuð sem útgangspunktur til þess að meta framfarir nemenda.
- Lykilhæfni í námi.
- Lesfimi og samræmd próf
- Hæfni nemenda, leikni og skilning innan hvers námssviðs sem skráð er á hæfnikort í Mentor.

## Hvernig er metið?

- Námsmat er skipulagt út frá námsmarkmiðum, færni og þroska nemandans.
- Lögð er áhersla á að nota fjölbreyttar aðferðir til þess að meta færni og skilning nemenda, svo sem frammistöðumat, símat, hæfnikorti og sjálfsmat nemenda.
- Taka á tillit til sérþarfa nemenda í öllu námsmati. Það er útbúin einstaklingsáætlun fyrir hvern nemanda og einkunnir og umsagnir í lok skólaárs sem vísa í hæfniviðmið aðalnámskrár.

## Hver metur?

- Kennrar og nemendur (sjálfsmat).

## Framkvæmd námsmats í Hlíðarskóla

---

- Gerð er einstaklingsáætlun fyrir alla nemendur, þar kemur fram hvernig meta skal hverja námsgrein með tilliti til lykilþátta námsmats. Áhersla er lögð á að öll markmið séu skýr, einföld og innan raunhæfра marka.
- Námsmati skal skilað með bókstöfum, táknum eða tölustöfum ásamt skriflegrí umsögn um námsframvindu, færni, þekkingu og skilning. Mentor er notaður til að halda utan um námsmatið með hæfnikorti hvers nemanda.
- Einu sinni í mánuði, á markmiðsfundi, setjast nemandi, foreldri og kennari niður og ræða hvernig gengur að ná settum markmiðum í einstaklingsáætlun og næstu markmið sett.
- Framvinda námsmarkmiða eru endurskoðuð á á þessum fundum.
- Framvindueinkunn er gefin í lok haustannar og farið yfir á fyrsta markmiðsfundi vorannar.
- Lokamat fer fram að vori í lok hvers skólaárs, eða þegar nemandi er útskrifaður.

## Matskvarði

- Markmið sem koma fram í einstaklingsnámskrá eru metin með fyrirfram skilgreindum matskvörðum sem kallast hæfniseinkunn. Kvarðarnir samanstanda af annars vegar bókstöfunum A, B+, B, C+, C og D og hins vegar táknum eins og sjá má neðar. Þar er lagt mat á hvernig nemendum gengur að ná hæfniviðmiðum hvers námssviðs og lykilhæfni.

Þegar nemandi er kominn með A, B, C eða D skal athuga hvort nemandi hafi náð einhverjum viðmiðum í floknum fyrir ofan og þá skal gefa + fyrir aftan bókstafinn. Dæmi: Ef nemandi hefur náð öllum viðmiðum í flokki B og einu eða fleiri viðmiðum í flokki A skal nemandi fá einkunnina B+.

Matskvarðar. Táknin og bókstafirnir hér fyrir neðan eru notuð til að meta hæfniviðmið hvarrar námskrár/hæfnikort, námsmarkmið, verkefni og lykilhæfni. Framúrskarandi eða A, er gefið þegar nemandi hefur náð fullum tökum á öllum hæfniviðmiðum, getur miðlað áfram þekkingu sinni með dýpkun og skapandi nálgun. Hæfni náð eða B, telst góður árangur, nemandi getur það sem stefnt er að. Í mörgum tilfellum er þessi hæfni það besta sem hægt er að ná. Á góðri leið eða C, nemandi hefur að mestu leyti náð tökum á viðfangsefninu en ekki fullnægjandi. Parfnast þjálfunar eða C, nemandi hefur náð einhverjum tökum á viðfangsefninu. Hæfni ekki náð eða D, nemandi hefur að mjög litlu leyti náð tökum á viðfangsefninu.

### Matskvarðar

Táknin hér til hliðar eru notuð til að meta hæfniviðmið hverrar námskrár/hæfnikort, námsmarkmið og verkefni.

- ★ **Framúrskarandi** - er gefið þegar nemandi hefur náð fullum tökum á öllum hæfniviðmiðum, getur miðlað áfram þekkingu sinni með dýpkun og skapandi nálgun.
- ✓ **Hæfni náð** - telst góður árangur, nemandi getur það sem stefnt er að. Í mörgum tilfellum er þessi hæfni það besta sem hægt er að ná.
- ◊ **Á góðri leið** – nemandi hefur að mestu leyti náð tökum á viðfangsefninu en ekki fullnægjandi.
- **þarfnað þjálfunar** – nemandi hefur náð einhverjum tökum á viðfangsefninu.
- ✗ **Hæfni ekki náð** – nemandi hefur að mjög litlu leyti náð tökum á viðfangsefninu.

<span style="color: #0070C0;">★</span>	Framúrskarandi
<span style="color: #2ECC71;">✓</span>	Hæfni náð
<span style="color: #9B59B6;">◊</span>	Á góðri leið
<span style="color: #FFA500;">○</span>	þarfnað þjálfunar
<span style="color: #E74C3C;">✗</span>	Hæfni ekki náð

### Framvindueinkunn / Lokamat

Gefin er framvindueinkunn við lok haustannar. Sú einkunn gefur upplýsingar um stöðu nemandans á haustönn í öllum námsgreinum að smiðjum undanskildum.

Gefin er lokaеinkunn í hverri námsgrein að vori. Horft er til hvernig hefur gengið yfir skólaárið. Tekið er mið af framvindu nemandans í náminu, hvernig hefur tekist að ná almennum hæfniviðmiðum, námsgengi, vinnubrögðum og horft til framfara.

<span style="color: #0070C0;">★</span>	Framúrskarandi
<span style="color: #2ECC71;">✓</span>	Hæfni náð
<span style="color: #9B59B6;">◊</span>	Á góðri leið
<span style="color: #FFA500;">○</span>	þarfnað þjálfunar
<span style="color: #E74C3C;">✗</span>	Hæfni ekki náð

<span style="color: #0070C0;">A</span>	A
<span style="color: #2ECC71;">B+</span>	B+
<span style="color: #2ECC71;">B</span>	B
<span style="color: #FFA500;">C+</span>	C+
<span style="color: #E74C3C;">C</span>	C
<span style="color: #E74C3C;">D</span>	D

- 1.-7. bekkur notar 5 tákn þegar gefin er framvinudeinkunn og lokamat.
- 8.-10. bekkur notar matskvarða með A, B+, B, C+, C og D þegar gefin er framvindueinkunn og lokamat.

## Hvernig er unnið með niðurstöður námsmats?

---

- Nemandi er upplýstur reglulega um árangur í námi þar sem farið er yfir hvað gengur vel og hvar nemandinn þarf að bæta sig.
- Foreldrar fá upplýsingar um námsgengi barna sinna í viðtölum sem fara fram reglulega yfir skólaárið sem ávallt er aðgengilegt inn á Mentor. Þar er einnig rætt um mögulegar úrbætur ef þörf er á.

## Markmiðsfundir

---

### Haust

Fyrsti markmiðsfundur með foreldrum, kennara, nemanda og fjölskylduráðgjafa fer fram í byrjun skólaárs. Þar er rætt um félagsleg, náms- og heilsumarkmið og þau sett niður. Á fundunum eru ákveðin málefni rædd samkvæmt gátlista, það er líðan nemenda, væntingar, markmið, áhugamál, sterkar hliðar og hvernig velja skuli verkefni til úrlausnar rædd og ákveðin og þau síðan endurskoðuð á markmiðsfundum mánaðarlega.

### Vor

Þegar líður að lokum vorannar er komið að síðasta matssamtali skólaársins. Rætt er um markmiðin og farið yfir hvernig hefur gengið. Síðan fer lokamatið fram í gegnum Mentor.